

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 21. október 2014 í máli nr. S-282/2014:

Ákærvaldið

(Marín Ólafsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Oddi Hrafni Stefáni Björgvinssyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 6. október 2014, er höfðað með ákæru útgefinni af ríkissaksóknara 14. maí 2014 á hendur Oddi Hrafni Stefáni Björgvinssyni, kennitala 000000-0000, Reykjavíkurvegi 38, Hafnarfirði, fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 12. júní 2013, að Snorrabraut 33a, Reykjavík, ráðist með ofbeldi á lögreglumanninn A, sem var við skyldustörf, með því að sparka í hægri fótlegg A.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Við þingfestingu málsins neitaði ákærði sök. Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins, til þrautavara að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa og komi til fangelsisdóms, að sá dómur verði skilorðsbundin. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð þar með talin þóknun verjanda ákærða og að sú þóknun miði við taxa lögmannsstofu hans.

I

Í skýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kom fram að lögreglan hafi verið kölluð til aðstoðar að Snorrabraut 33 í Reykjavík vegna hávaða úr íbúð og þrír lögreglumenn mætt á staðinn. Hafi ákærði komið til dyra og greinilega verið undir áhrifum áfengis eða annarra fíkniefna. Lögreglumenn kváðust hafa fundið kannabislykt leggja frá íbúðinni og innt ákærða skýringa á því. Hafi ákærði boðið lögreglu inn. Þar hafi þá verið kona gestkomandi en ekki hafi verið að sjá nein fíkniefni. Ákærði hafi hins vegar byrjað að kalla lögreglumennina og sérstaklega

einn þeirra „fávita“ og hafi önnur og verri orð fylgt þar á eftir. Ákærði hafi hins vegar lækkað tónlistina en þegar lögreglan hafi gert sig líklega til þess að fara út, hafi ákærði sparkað í fótlegg eins lögreglumannsins, þess sem hann hafði mest beint orðum sínum að. Hafi ekki hlotist af áverkum en ákærði hafi verið handtekinn og mátt gista fangageymslur lögreglu í framhaldi af því.

Tekin var lögregluskýrsla af ákærða síðar þann dag. Þar kom fram að ákærði kvaðst hafa verið að drekka en hafi ekki notað fíkniefni um langt skeið, hann hafi hins vegar verið all drukkinn. Kvaðst hann ekki muna öll smáatriði en að hann hafi verið „agressívur“ við lögreglumenn sem hafi ekki gengið fram af sanngirni. Hafi hann rekist í einn þeirra en mundi ekki eftir því að hafa sparkað í hann.

II

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærði skýrði svo frá að bankað hafi verið á dyr heimilis hans milli klukkan 03:00 - 04:00, aðfaranótt 12. júní 2013. Hann hafi farið til dyra og lögreglan verið þar fyrir utan. Hafi hún beðið hann að lækka tónlistina sem hann hafi gert. Lögreglan hafi hins vegar staldrað eitthvað við. Hafi hann þá boðið þeim inn sem þeir hafi þegið og verið að litast um meðal annars í svefnherbergi hans. Taldi hann að lögreglumennirnir hafi verið tveir. Hafi þeir verið með yfirgang og dónaskap og meðal annars spurt kærustu hans hvort hún væri að skemmta sér. Þetta hafi farið fyrir brjóstið á honum og hafi hann átt í neikvæðum orðaskiptum eða rífrildum við einn lögreglumanninn, en áður en hann hafi vitað af hafi hann verið kominn í gólfíð og handjárnaður. Hugsanlega hafi hann kannski ýtt lauslega með annarri hendi í einn lögreglumanninn og þá í hönd hans eða líkama. Hann hafi verið orðinn pirraður á því að þeir væru með dónaskap og hafi ekkert verið að flýta sér út. Ekki væri rétt að hann hafi snert fót lögreglumannsins. Aðspurður hvernig ástand hans hafi verið kom fram að hann hafi kannski verið búinn að drekka 3-4 bjóra um kvöldið, en hafi ekki notað fíkniefni. Ekki væri rétt sem fram kæmi í lögregluskýrslu að hann hafi verið „all drukkinn“. Það væri hins vegar rétt að hann hafi gefið þá lýsingu að vegna ölvunar hafi hann ekki munað öll atriði, enda hafi hann verið nývaknaður og enn verið að rifja upp og púsla saman atburði næturinnar. Taldi ákærði að hann myndi atvik vel þó nokkuð væri um liðið og að hann myndi þetta betur í dag en þegar atburðir gerðust. Spurður hvar vitnið B hafi verið stödd, kom fram að hún hafi verið inní stofu en komið fram í dyragætt að gangi þegar atburðir áttu að hafa gerst. Spurður hvort hann hafi skýringu á því hvers vegna fram komi í skýrslum þriggja lögreglumanna að hann hafi sparkað í fót eins þeirra, taldi ákærði að þeir hafi ekki haft næga ástæðu til þess að handtaka hann og því „kokkað“ saman einhverja sögu. Ákærði bar að þau orð sem hann hafi notað hafi ekki verið viðurkvæmileg en hann hafi ekki verið líkamlega ógnandi en „grófur í kjaftinum“. Lögreglan hafi augljóslega reiðst þessum orðum hans en hann sjái eftir þeim orðum og að hafa misst stjórn á skapi sínu en honum hafi verið misboðið.

Vitnið B, kærasta ákærða, bar fyrir dómi að hafa verið á staðnum þegar atburðir gerðust. Lögreglan hafi bankað og verið hleypt inn og slökkt hafi verið á tónlistinni. Hún kvaðst hafa mætt tveimur lögreglumönnum. Þegar lögreglan hafi

hins vegar verið á leiðinni út hafi þeir handtekið ákærða. Ákærði og lögreglumennirnir hafi átt í einhverjum orðaskiptum sem hún hafi ekki skilið. Hún hafi hins vegar skilið tóninn í samskiptum þeirra, sem hafi verið óskemmtilegur að hálfu lögreglunnar en ekki að hálfu ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð lögreglumennina allan tímann frá því að þeir komu inn í íbúðina en hún hafi ekki hafa séð ákærða veitast að lögreglumönnum með neinum hætti. Hún hafi ekki séð ákærða ýta eða sparka í lögregluna. Sjálf kvaðst hún ekki hafa neitt fikniefna en hafi drukkið fjóra bjóra og taldi að hún myndi atburði vel. Sagðist hún hafa í fyrstu verið inni í stofu og lögreglan þar spurt hana um nafn og kennitölu og hvort hún hafi verið að skemmta sér og hafi henni fundist þeir óskammfeilnir. Þegar atburðir hafi gerst hafi hún staðið í gáttinni milli gangs og stofu. Þá kom fram að ekki hafi verið haft samband við hana fyrr en ári eftir atburðina og þá í tengslum við þetta dómsmál.

Vitnið A, lögreglumaður nr. 0405, kom fyrir dóminn og bar að kvörtun hafi komið vegna hávaða. Ákærði hafi komið til dyra og boðið þeim inn eftir að lögreglan hafi talið sig finna kannabislykt. Hafi ákærði verið mjög „upp og niður“ í skapinu, æstur og rólegur á víxl. Ákærði hafi „drullað“ yfir hann með orðum og síðan sparkað í fót hans. Beðinn um að lýsa sparkinu nánar kom fram að ákærði hafi tekið „aukaspyrnu“, og sparkað í hægri hné hans. Ekki hafi hlotist af áverki, en ekki hafa miklu mátt muna. Þetta hafi átt sér stað í anddyri íbúðar ákærða. Vitnið mundi ekki hvort ákærði hafi rekist í hann með hendinni. Fram kom að þrír lögreglumenn hafi verið á staðnum þegar atburðir gerðust. Þá hafi verið gestkomandi kona í stofunni og hafi henni verið vísað út eftir að ákærði var handtekinn. Vitnið bar að hafa ekki rætt við konuna og hafi ekki tekið frekar eftir henni eða hvort hún hafi getað séð það sem fram fór í ganginum. Þá gat hann ekki munað hvernig ástand konunnar hafi verið. Spurður um ástand ákærða bar vitnið að hann hafi metið það svo að hann hafi annað hvort undir verið undir áhrifum áfengis eða annarra fikniefna, enda mjög æstur. Hafi ákærði ausið yfir lögregluna almennt en „yfirdrullið“ hafi mest beinst að honum þar sem hann hafi haft orð fyrir þeim. Hafi honum verið misboðið en ekki reiður og bara svarað ákærða. Aðspurður um skýrslugerð málsins kom fram að lögreglan hafi rætt saman um málið „í þaula“ og að skýrslur hafi verið unnar í sama herbergi og að hann hafi lesið yfir skýrslur annarra lögreglumanna, enda skýrslurnar aðgengilegar. Lögreglumenn geri hver sína skýrslu á þann hátt sem þeir hafi upplifað atburði málsins.

Vitnið C, lögreglumaður nr. 0719, kom fyrir dóminn og bar að tilkynning hafi borist um hávaða úr íbúð. Ákærði sem hafi komið til dyra hafi boðið þeim inn en strax sveiflast í skapi og sagt þeim að „drulla sér út“ og hafi verið með ógnandi tilburði við þá og sagst myndi muna eftir þeim. Er þeir hafi verið á leið út hafi ákærði haft uppi óviðurkvæmileg orð meðal annars um móður eins lögreglumannsins. Hafi ákærða eflst móður og síðan sparkað í utanverðan fót þess lögreglumanns. Spurður um hvar sparkið hafi lent bar vitnið að það hafi lent á miðju læri, að hann minnti fyrir ofan hné. Þetta hafi verið „miðlungs fast“ spark enda ákærði verið nokkuð drukkinn eða vímaður og því ekki náð mjög miklum krafti í sparkið. Hafi ákærði verið sveiflukenndur og óútreiknanlegur í skapi og erfitt að átta sig á því hvað hann var að fara eða segja. Spurður hvort honum hafi verið misboðið vegna orða ákærða, kvaðst vitnið feginn vilja hafa sloppið við þau orð en hafi ekki tekið þeim persónulega, annar lögreglumaður hefði fengið mestu „romsuna“ yfir sig. Spurður hvort aðrir hafi verið á vettvangi bar vitnið að það hafi verið ein stelpa inni í stofu. Spurður hvar lögregluskýrsla hans hafi verið gerð kom

fram að það hafi verið í skýrslugerðarherberginu á lögreglustöðinni á Hverfisgötu og hafi aðrir lögreglumenn sem komu að málinu einnig unnið skýrslur sínar þar. Ákveðið hafi verið hver af lögreglumönnum ætti að skrifa frumskýrslu málsins en síðan skrifi hver lögreglumaður sína sýn á málinu.

Vitnið D, lögreglumaður nr. 1219, bar fyrir dómi að þrír lögreglumenn hafi farið inn til ákærða eftir að hann bauð þeim inn. Hafi þeir rætt við ákærða um hasslykt sem ákærði hafi neitað aðild að. Hafi þeir ekki ætlað að gera neitt frekar í því og ekki farið í önnur rými í fasteigninni en anddyrið. Eftir skamma stund hafi ákærði byrjað að hreyta í lögreglumann ónotum og hafi verið mjög æstur, dónalegur, ölvaður og að mati lögreglunnar óviðræðuhæfur. Miðað við viðmót ákærða og hversu agressívur hann var, taldi vitnið að hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna og áfengis. Er lögreglan hafi verið við það að yfirgefa íbúðina hafi ákærði sparkað í nafngreindan lögreglumann. Sparkið hafi komið í hægri fót, rétt neðan við hné. Hafi sparkið verið tilefnislaust og fólkskulegt. Spurður um hvort einhver hafi verið gestkomandi hjá ákærða kom fram að það hafi verið stúlka inni í stofu en ekki hafi verið rætt við hana. Taldi vitnið að stúlkan hafi ekki getað verið í aðstöðu til að sjá sparkið. Spurður hvort honum hafi brugðið við orð ákærða kvað vitnið svo ekki vera, hann væri vanur því hlusta á drukkið fólki í starfi sínu og þá hafi orðum ákærða ekki verið beint sérstaklega að honum heldur A lögreglumanni. Ákærði hafi hins vegar haft ógnandi tilburði í frammi við alla lögreglumennina. Spurður hvar lögregluskýrslan hafi verið skrifuð kom fram að hún hafi verið skrifuð í skýrslugerðarherbergi lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu. Lögreglan hafi ekki rætt málið sérstaklega á annan hátt en að A lögreglumaður hafi beðið þá að skrifa þeirra aðkomu að málinu. Aðspurður taldi hann ekki að lögreglan hafi rætt þetta mál í þaula. Þá hafi hann ekki lesið skýrslur annarra lögreglumanna í málinu.

Vitnið E, lögreglumaður nr. 7412, kom fyrir dóminn og bar að hafa tekið ákærða úr fangaklefa og yfirheyrt hann. Ákærði hafi sagst hafa verið agressívur eða freklegur í samtali við lögreglumenn og hafi verið handtekinn eftir að hann hafi rekist með hendi í einn lögreglumanninn en hafi ekki sparkað í hann. Hafi ákærði talið sig vera mjög ölvaðan og hafi átt erfitt með að staðsetja og setja hlutina í samhengi.

III

Verjandi ákærða krafðist frávísunar málsins. Í fyrsta lagi var krafist frávísunar á þeim forsendum að ríkissaksóknari sé of nátengdur lögreglu til þess að geta gefið út ákæru í málinu. Tengsl ríkissaksóknara og lögreglu séu með þeim hætti að ekki sé hægt að líta hlutlaust á málið. Ríkissaksóknari sé því vanhæfur í málinu eftir reglum um almennt hæfi og megi í því sambandi hafa stjórnslulög til viðmiðunar enda um stjórnvaldsákvörðun að ræða.

Í öðru lagi var krafist frávísunar á þeim forsendum að ekki hafi verið gætt hlutlægnisreglu við rannsókn málsins samkvæmt 53. og 54. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og VIII. kafla þeirra laga um skýrslutökur. Ekki hafi verið tekin skýrsla af vitninu B, þó ljóst hafi verið að hún hafi verið á staðnum þegar umræddir atburðir gerðust og ekki hafi verið gerð tilraun til þess að boða hana til skýrslutöku vegna málsins. Þessi vinnubrögð væru klárt brot á framangreindum reglum sakamálalaga.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála getur ríkissaksóknari tekið saksókn í sínar hendur þar á meðal gefið út ákæru eða tekið við sókn máls fyrir dómi hvenær sem hann telur þess þörf sem æðsti handhafi ákærvalds. Ríkissaksóknari fer með ákæru í málum er heyra undir 23. gr. sömu laga, þar á meðal ákæru á grundvelli brota gegn 106. gr. hegningarlaga óháð því hvaða starfsmenn hins opinbera eigi í hlut. Með vísan til þessa er ekki fallist að ríkissaksóknari sé almennt vanhæfur til þess að fara með mál þetta og er þeirri frávísunarkröfu ákærða hafnað.

Samkvæmt 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal leita allra gagna sem geta skipt máli við rannsókn máls, meðal annars finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að geti borið vitni. Í gögnum málsins kemur fram að B hafi verið á staðnum og fyrir dómi hefur ekki verið gerður neinn ágreiningur um það svo hafi verið. Það hefur því legið strax fyrir að hún væri hugsanlegt vitni í málinu og ekki þurft að finna hana í því sambandi. Ekki er að sjá að neinum vitnum hafi verið haldið leyndum í málinu eða þeirra ekki leitað og ríkissaksóknari hefur metið það sem svo að gögn málsins væru nægjanleg til þess að gefa út ákæru í málinu. Samkvæmt ákvæðinu um milliliðalaus málsmeðferð sem finna má í 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Vitnið var boðað til skýrslutöku fyrir dómi þar sem ætla mátti að það gæti borið vitni um atburði og verður því ekki séð að þó vitnið hafi ekki verið boðað í skýrslutöku lögreglu að það hafi haft áhrif á niðurstöður málsins fyrir dómi. Er þessari frávísunarkröfu því hafnað.

IV

Ákærði neitaði sök fyrir dómi. Framburður vitna fyrir dómi er að mestu leyti samhljóma um málsatvik og þykir því ekki þörf að greina ítarlega frá þeim hér. Ákærði hefur hins vegar borið að hann hafi ekki sparkað í lögreglumanninn í umrætt sinn og hafi í mesta lagi rekist í hann þannig að handleggur hans hafi lent í handlegg eða líkama lögreglumannsins.

Vitnið B kærasta ákærða, bar að hún hafi séð atburðarrás vel þar sem hún hafi staðið í dyragættinni á milli stofu og anddyris. Vitnið bar sjálft að hafa drukkið fjóra bjóra en hafi ekki verið mikið drukkin Hafi hún séð lögregluna sem hún taldi að hafi verið tveir, allan tímann frá því að þeir hafi komið inn í íbúðina. Hafi hún ekki séð ákærða slá eða sparka í lögreglumann. Framburður vitnisins samrýmist á engan hátt framburði lögreglumanna um háttsemi ákærða eða um fjölda lögreglumanna. Þá báru lögreglumenn að vitnið hafi verið inni í stofu og því sennilega ekki séð það sem fram fór. Framburði vitnisins ber heldur ekki saman við framburð ákærða sjálfs, sem bar að vitnið hafi verið inni í stofu þegar lögreglan kom á staðinn. Ákærði bar sjálfur að hafa rifist við lögregluna og að hafa verið „grófur í kjaftinum“. Vitnið B bar hins vegar að tóninn í samskiptum lögreglu og ákærða hafi verið óskemmtilegur að hálfu lögreglunnar en ekki að hálfu ákærða. Með vísan til ofangreinds telst vitnisburður B því ekki trúverðugur að mati dómsins.

Ákærði hefur sjálfur borið að muna atburði betur nú en þann dag sem atburðir gerðust. Ákærði taldi sjálfur að tveir lögreglumenn hafi komið í íbúð hans umrædda nótt, en af gögnum málsins er ljóst að þeir voru þrír. Þá sé rangt eftir honum haft í

lögregluskýrslu að hann hafi verið „all drukkinn“ í umrætt sinn, enda hafi hann bara drukkíð 3 – 4 bjóra. Þeir lögreglumenn sem báru vitni fyrir dómnum hafa allir borið að ákærði hafi verið greinilega eða áberandi ölvaður eða undir áhrifum fíkniefna. Í vistunarskýrslu lögreglu sem skráð er af öðrum en vitnum þessa máls, kemur fram að framburður ákærða hafi verið ruglingslegur, jafnvægi óstöðugt og málfar óskýrt og sjáanleg ölvun mikil. Ákærði upplýsti sjálfur fyrir dómnum að það væri rétt að hann hafi gefið þá lýsingu fyrir lögreglu að vegna ölvunar hafi hann ekki munað öll atriði. Þá kemur fram þegar hlustað er á skýrslutöku hans hjá lögreglu að hann segist sjálfur hafa verið ölvaður og hefði sennilega átt að vera minna ölvaður og þannig komist hjá því að enda í fangageymslunni. Verður að meta ástand og trúverðugleika vitnisburðar ákærða með hliðsjón af þessu.

Fyrir liggja vitnisburðir þriggja lögreglumanna sem allir hafi borið með sama hætti að ákærði hafi án sýnilegs tilefnis sparkað í hægri fót lögreglumannsins A þegar hann var við skyldustörf þó þeir hafi ekki borið með nákvæmlega sama hætti hvort sparkið hafi komið fyrir ofan eða neðan hné. Vitnin voru trúverðug í sínum framburði og báru að skýrslur þeirra byggðu á þeirra eigin upplifun af málinu þó rætt hafi verið þeirra á milli um hver skyldi skrifa frumskýrslu málsins.

Í málinu var því borið við að ekkert tjón hafi hlotið af meintu athæfi og að lögreglumaðurinn hafi ekki fengið áverkavottorð eins og honum hafi borið í samræmi við starfsreglur. Í málinu hefur legið fyrir frá fyrstu stundu að engir áverkar hlutust af meintu athæfi og verður ekki séð að áverkavottorð breyti neinum um sönnun í málinu. Í þessu sambandi ber að líta til þess að brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga er samhverft brot á þann hátt ekki þarf að sýna fram á tjón eða aðra afleiðingu til þess að brot geti verið saknæmt.

Með vísan til framangreinds er sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi brotið gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist með ofbeldi á lögreglumanninn A, sem var við skyldustörf, og sparkað í hægri fótlegg hans eins og nánar greinir í ákæruskjali. Háttsemi ákærða er réttilega heimfærð til 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V

Ákærði er fæddur í ágúst 1979. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur honum einu sinni verið gerð refsing áður með sátt fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Það brot hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú. Við ákvörðun refsingar ber að horfa til þess að ákærði réðst að lögreglumanni við skyldustörf sem ber að líta alvarlegum augum. Á móti koma til skoðunar ákvæði 2. tl., 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekkert tjón hlaut af háttsemi ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði sem verður bundin skilorði, eins og nánar greinir í dómsorði.

VI

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað. Um er að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir dómi, Vilhjálm H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 326.300 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Engan annan sakarkostnað leiddi af máli þessu.

Dóm þennan kveður upp Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Oddur Hrafn Stefán Björgvinsson, sæti fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði í sakarkostnað málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálm H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 326.300 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson